

SIGURINN.

Norsk saga eftir **Vetle Vislie.**

Jón Jónsson frá Sleðbrjót þýddi.

(Niðurlag)

„Góðan daginn ungfrú Holt“, hrópaði vitavörðurinn.

„Góðan daginn vitavörður“.

Hún var einarðleg, næri glaðleg.—Hún var klædd ljósum morgunklæðum, með hárið brugðið undir barðastóran stráhatt.

„Eg hefi þann heiður“, sagði hann, „að gera yfir kunnuga þessum herrum. Þetta er Dr. Holtermann, á mórgnana, en á kvöldin og nóttunni Dr. Pjoltermann“. Svo nefndi hann þá alla með einhverri skringilegri viðbót. Og þeir hlógu þakk-láttlega og gremjulega, eftir því sem orðin hljóðuðu.

„Við höfum nú verið í þessu synduga svalli um hrifð, inn í borginni, og ætlum nú að kútveltast hérna nokkra daga, ef guð lofar. En það er svo tómt alt heima hjá mér. Mér er meðfædd hræðsla við tóint rúm umhverfis mig“.

„Einkum tómar flöskur“, tautaði Dr. Holtermann.

„Uss. Þetta var bragðlaus syndni. Við erum verst staddar með það að enginn kann að steikja kjöt. Þér vilduð vænti eg ekki, ungfrú góð, sýna okkur þá velvild að hjálpa okkur dálfuð? Eg hefði ekki þorað að nefna þetta, hefði eg ekki vitað að þér með því að koína fáið tækifæri til að vera með manni, sem eg veit að þér metið mjög mikils“.

„Eg veit ekki“, svaraði mærin. „Eg verð að minsta kosti að biðja föður minn leyfis“.

„Ójá, já. Þér eruð fyrirmynðar dóttir. Heilsíð honum frá mér og segið honum hann verði að þola okkur hina guðlausu nokkra stund enn“.

Hún hljóp inn og bað föður sinn leyfis.

„Þú veizt hvaða skoðun eg hefi á þessum mönnum. Eg skil ekki í að þig langi að fara“.